Viljayfirlýsing um samstarf

Vegna styrkumsóknar til atvinnuvegaráðuneytisins, haustið 2026.

Heiti verkefnis: Skapandi atvinnulíf í landsbyggðum– Ráðstefna um atvinnu- og byggðaþróun

Ég lýsir hér með yfir áhuga Borgarbyggðar á samstarfi við Rannsóknasetur skapandi greina (RSSG) og Rannsóknasetur um byggða- og sveitarstjórnarmál (RBS) vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu um atvinnu- og byggðaþróun í skapandi greinum sem stefnt er að því að halda í Borgarbyggð vorið 2027.

Markmið ráðstefnunnar er að efla þekkingu og samtal um fjölbreytni atvinnulífs og ný tækifæri til atvinnusköpunar utan höfuðborgarsvæðisins. Sérstök áhersla verður lögð á rekstrar- og starfsumhverfi skapandi greina og tengsl þeirra við nýsköpun, menningarferðamennsku, störf óháð staðsetningu og þróun nýrra atvinnu- og starfshátta í landsbyggðum.

Á ráðstefnunni verða leidd saman sjónarmið rannsakenda, frumkvöðla, atvinnurekenda og annarra hagaðila til að varpa ljósi á hvernig ólíkar atvinnugreinar, þekking og skapandi starfsemi geta stutt hver aðra og skapað ný tækifæri til verðmætasköpunar og sjálfbærrar byggðaþróunar.

Ég lýsi yfir vilja til að leggja verkefninu lið með miðlun þekkingar og reynslu, þátttöku í dagskrá eða öðru samstarfi eftir nánara samkomulagi.

Þátttaka er háð því að verkefnið hljóti fjármögnun og að nánara samkomulag náist um fyrirkomulag samstarfsins. Yfirlýsing þessi felur ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar.

Borgarnesi, 19. október 2026,

f.h. Borgarbyggðar

Unnur Brá Konráðsdóttir,

sveitarstjóri Borgarbyggðar